

## 4. gr.

Að nefndum tvö hundruð árum liðnum falla allir ársvextir árlega til útborgunar, að undantekinni einni krónu, sem jafnan legst við höfuðstólinn. 26. jan.

## 5. gr.

Vöxtum þeim af sjóðnum, er koma til útborgunar að 200 árum liðnum, skal verja til girðinga í Holtahreppi Rangárvallasýslu, einkum til landamerkjagirðinga.

## 6. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir umsjón með Girðingarsjóðnum, geymir viðskiftabók hans við Söfnunarsjóðinn og tekur á sínum tíma þá vexti Girðingarsjóðsins, er útborgast eiga. Hún ákveður einnig eftir tillögum hreppsnefndarinnar í Holtahreppi, hvernig vöxtum sjóðsins skuli verja til girðinga, hvar og hvernig, og með hverju girða skuli. Hún semur enn fremur ársreikninga hans.

## 7. gr.

Ef sá tími kemur, að ekki þarf lengur á öllum vöxtum sjóðsins að halda til að auka eða bæta girðingarnar í Holtahreppi, enda sje þá landareign hverrar jarðar í hreppnum fullgirt, þá má verja vöxtum sjóðsins til annara búnaðarbóta í Holtahreppi.

Syðri-Rauðalæk, 23. des. 1924.

*Runólfur Halldórsson.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Gullbrúðkaupssjóð hjónanna Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur á Rauðalæk, útgefin á venjulegan hátt, að mandatunum, af dóms- og kirkjumálaráðherra, 26. janúar 1925. Skipulagsskráin er þannig: 3 26. jan.

## SKIPULAGSSKRÁ

Gullbrúðkaupssjóðs hjónanna Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur á Rauðalæk.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gullbrúðkaupssjóður hjónanna Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur á Rauðalæk.

## 3

26. jan.

## 2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur, er nefnd hjón gefa, og skal sjóðurinn ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild.

## 3. gr.

Vextir leggjast fyrst um sinn allir við höfuðstólinn, en árið 1950 og fimta hvert ár eftir það, þegar ártalið endar á 5 eða 0, skulu allir vextir fyrir hið næstliðna ár, að undantekinni einni krónu, falla til útborgunar. Þeir vextir, sem ekki falla til útborgunar, leggjast árlega við höfuðstólinn.

## 4. gr.

Á 100 ára afmæli Runólfs Halldórssonar, 23. nóv. 1950, og eftir það í hvert skifti, sem ártalið endar á 5 eða 0, skal verja vöxtum þeim, er það ár hafa fallið til útborgunar úr Söfnunarsjóðnum, til verðlauna fyrir framúrskarandi framkvæmdir og umgengni (snyrtimensku) í búnaði, utan húss og innan, þar með talin meðferð og umbætur á búfjenaði.

## 5. gr.

Starfsvið sjóðsins er Holtamannahreppur hinn forni og skulu verðlaunin í hvert sinn veitt einum manni (karli eða konu), sem á heima á því svæði. Þegar ársvextir af sjóðnum fara að nema meiru en 10.000 — tíu þúsund — krónum, má þó veita fleirum verðlaun, þó svo, að engin verðlaun sjeu þá minni en 5000 — fimm þúsund — krónur. Enginn má á hverjum 20 — tuttugu — ára fresti fá verðlaun oftari en einu sinni, nema hann á þeim tíma hafi flutt sig á aðra jörð og gjört þar svo miklar umbætur, að það þyki verðlauna vert. Verðlaunin veitast í Holtahreppi þegar ártalið endar á 0, en í Ásahreppi, þegar ártalið endar á 5.

## 6. gr.

Hreppsnefndir Holtahrepps og Ásahrepps kjósa hvor um sig einn karlmann og eina konu í stjórnarnefnd sjóðsins, ennfremur kýs sýslunefnd Rangárvallasýslu einn mann í nefndina og ræður hver sje formaður hennar. Stjórnarnefndarmennirnir eiga sæti í nefndinni æfilangt, nema þeir segi sig úr henni eða flytji burt úr nefndum hreppum.

## 7. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins hefir umsjón með honum, geymir viðskiftabók hans við Söfnunarsjóðinn og semur ársreikninga hans, tekur vexti þá, sem falla til útborgunar og úthlutar verðlaunum. Í hvert skifti, sem vextir hafa fallið til útborgunar, skal hún gera sýslunefnd Rangárvallasýslu skil fyrir sjóðnum.

Syðri-Rauðalæk, 23. des. 1924.

*Runólfur Halldórsson.*

*Guðný Bjarnadóttir.*